



Stjórn SSH

422. fundur

LEIÐRÉTT EINTAK

Mánudaginn 26. október 2015, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson.
Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir

Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð. Ennfremur sat fundinn Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar.

Þetta gerðist

1. Aðalfundur SSH 2015

Farið var yfir ýmis mál sem tengjast dagskrá aðalfundar SSH 2015 sem boðaður hefur verið 29. október nk.

2. Fjármál sveitarfélaganna

Farið var yfir drög að samantekt um fjárhagsstöðu sveitarfélaganna og fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu til undirbúnings umræðu á aðalfundi SSH. Ennfremur var rætt um drög að ályktun um málið til framlagningar og afgreiðslu á aðalfundinum.

3. Skíðasvæðin – fjárhagsáætlun 2016; málsnr. 1501005

Fyrir lá tillaga samstarfsnefndar um rekstur skíðasvæðanna að fjárhagsáætlun skíðasvæðanna fyrir árið 2016. Áætlunin er lögð fyrir stjórn SSH sem gegnir hlutverki eigendavettvangs skíðasvæðanna sbr. grein 2.1 og 2.4 í samstarfssamningi frá 6. janúar 2014. Áætlunin gerir ráð fyrir 4,9% hækkun á rekstrarframlögum sveitarfélaganna.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur óhjákvæmilegt, þrátt fyrir ákvæði í grein 2.5 og 2.6 í samstarfssamningi sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna, að fjárhagsáætlun skíðasvæðanna fyrir árið 2016 verði lögð að þeirri þröngu fjárhagsstöðu sem sveitarfélögin glíma nú við. Rekstraráætlun skíðasvæðanna 2016 þarf því að miðast við óbreytt rekstrarframlag sveitarfélaganna frá áætlun 2015, og stofnframlag ársins 2016 verði 50 m. króna.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:05.